

Velkomin

Saga Snorra Sýning í Reykholti

Welcome

Snorri's Saga Exhibition in Reykholt





Saga Snorra

Snorri's saga

Snorrastofa í Reykholti stendur fyrir sýningunni *Saga Snorra*. Á sýningunni er miðlað í máli og myndum af ævi Snorra Sturlusonar (1179–1241), umhverfi og samtíð hans. Starfsfólk Snorrastofu veitir frekari upplýsingar og leiðsögn.

Snorrastofa in Reykholt is responsible for this exhibition and the staff of the institution offers both information and guidance. The life of Snorri Sturluson (1179–1241), his environment and his time period are discussed both in text and images in this exhibition.

Um sýninguna

About the exhibition



Á sýningunni standa spjaldtölvur sýningargestum til boða. Þar er sýningarefnið og ítarupplýsingar af ýmsum toga á nokkrum tungumálum. Hljóðleiðsögn er á íslensku og ensku.

In the exhibition are tablet computers for the guests. On them is material for the exhibition and further information of various types in several languages. An audioguide in English is also available.

Sýninguna unnu af hálfu Snorrastofu:

The following people contributed to this exhibition:

Höfundur Author Óskar Guðmundsson

Hönnun sýningar Design of the exhibition

Birna Geirfinnsdóttir & Lóa Auðunsdóttir

Stjórn og samhæfing Administration and co-ordination Jónína Eiríksdóttir

Teikning og hönnun Drawing and design Sigríður Kristinsdóttir

Útskurðarmeistari Carvings Bjarte Aarseth

Listmálari Artist Hallur Karl Hinriksson

Ljósameistari Lighting Páll Ragnarsson

Ráðgjöf Advice Bergur Þorgeirsson, Dagný

Emilsdóttir, Geir Waage, Sigrún Þormar,

Evy Beate Tveter

Ljósmyndari Photographs

Guðlaugur Óskarsson

Aðstoð vegna þjóðminja Assistance with

artefacts Guðrún Sveinbjarnardóttir og starfsfólk Þjóðminjasafns Íslands (staff of the National Museum of Iceland)

Framleiðsla og uppsetning Production and arrangement Velmerkt ehf.

Smíði og handverk Construction and handwork Einar Guðmundsson, Sigurður Árni Magnússon, Snorri Kristleifsson, Stefán Ólafsson, Tryggvi Konráðsson
Raflagnir Cabling Rafþjónusta Sigurdórs ehf.

Fornminjar og glæsileiki

Artefacts and elegance

Ýmsar fornar minjar í landslaginu vitna um þann glæsileika sem stafaði frá Snorra Sturlusyni á velmektarárum hans í Reykholti. Sumar komu í ljós við fornleifarannsóknir á 20. öld og renna stoðum undir frásagnir af umsvifum Snorra og menningarrótum. Sama má segja um nokkur brot úr gripum frá 12. og 13. öld sem fundist hafa við fornleifarannsóknir í byrjun 21. aldar. Á sýningunni eru nokkur af þessum forvitnilegu brotum úr uppgreftinum. Þau eru til vitnis um fagað líferni staðarbúa og fjölbjóðleg tengsl þeirra. Hvaðeina vitnar þetta um evrópskt menningarumhverfi Snorra Sturlusonar.

Various old relics in the landscape bear witness to the elegance of Snorri Sturluson during his prime years in Reykholt. Some of them have come to light through archaeological research in the 20th century and have supported the accounts of Snorri's activity and cultural roots. The same may be said about several artefacts from the 12th and 13th centuries which have been found by archaeological research in the beginning of the 21st century. In the exhibition a number of fragments of objects found during the excavation are displayed. These are testimony to the cultured way of life of the inhabitants and their multinational links. Everything is a sign of Snorri Sturluson's European cultural environment.





Vígásar

Magical carvings

Vígásarnir sem hér marka gáttir sýningarinnar um Snorra eru gerðir í samræmi við hefðbundin minni í myndlist miðalda; vinstra megin er hið klassíska yrkisefni um Sigurð Fáfnisbana í aðalhlutverki en hægra megin eru kunnar handritálýsingar hafðar að fyrirmynd. Í dyraumbúnað var mikið í lagt á stórbýlum og kirkjum og það má vera til marks um það að í Noregi einum eru varðveittir á annað hundrað umbúnaðir frá stafkirkjum og er þeirra gætt í söfnum og þeim stafkirkjum sem enn standa. Dýra- og plöntuskraut eru áberandi í þessari list; bylgjandi vafningsjurtir fylla oft flötinn á plönkunum, og smádrekar smeygja sér á myndflötinn. Stórir drekar og villidýr sem eta jafnvel menn, fanga oft athyglina. Þetta myndefni er einkennandi fyrir evrópska myndlist á þessum tíma en úrvinnslan og túlkunin stendur rótföst í norrænni menningu. Snorri Sturluson segir frá baráttu Sigurðar við orminn í Háttatali:

*Ormi veitti Sigurður sár,
slíkt var allt fyr liðið ár,
Ragnar þótti skatna skýrstur,
Skúli jarl er miklu dýrstur.*

Hægra megin í gættinni eru kunnuglegar myndir frá útskurðum, altaristöflum og handritalýsingum: frá skírni barns, samningur um hjónaband og fall Ólafs helga (Flateyjarbók). Hugmyndin að vígaásunum var þróuð við vinnslu þessarar sýningar, og eftirtaldir listamenn hafa komið að gerð þeirra: Sigríður Kristinsdóttir teiknaði, norski meistarinn Bjarte Aarseth skar út og sunnlenski listmálarinn Hallur Karl Hinriksson litaði ásana í samræmi við fornar hefðir. Litauðgi listaverksins er einnig í góðu samræmi við miðaldahefð.

The magical carvings seen here on the doorways of the exhibition were made in accordance with traditional motifs found in medieval art. The classic image of Sigurdur killing Fafnir is on the left hand side, but on the right side, well known manuscript illuminations have been used as a model. The doorframes were highly prized in large farms and churches and, as proof of that, over a hundred frames from stave churches have been preserved in Norway alone and they are also preserved in museums and those stave churches which still exist today. Animal and plant ornamentation is prominent in this art-style: flowing vines often fill the panels on the planks, and small dragons slide around in the background of the picture. Large dragons and wild animals, which even eat men, often capture attention. This material is characteristic of European art at this time, but the implementation and interpretation have their roots firmly in Nordic culture. Snorri Sturluson tells of Sigurdur's battle with the worm in Hattatal:

*The worm Sigurdur offered wounds,
All such occurred in the distant past,
Ragnar was thought the sharpest of men,
Earl Skuli is the most splendid.*

On the right hand side of the doorway are familiar images from carvings, altarpieces and manuscript illuminations: from the baptism of a child, a marriage-agreement and the fall of Saint Olafur (Flateyjarbok). The idea for the magical carvings was developed alongside the preparation of the exhibition and following artists have come to work on them: Sigríður Kristinsdóttir designed them; the Norwegian master Bjarte Aarseth carved them and the artist Hallur Karl Hinriksson, from the south of the country, coloured the beams in accordance with the old traditions. The richness of colour of the artwork is also in harmony with medieval tradition.

1179

Fæddur Snorri Sturluson í Hvammi í Dölum
Snorri Sturluson born at Hvammur in the
Dalir district

8. júlí 1181

Færður í fóstur í Odda á Rangárvöllum
Snorri is taken to be fostered at Oddi in
the South of Iceland

1199

Gengur í hjónaband með Herdísi
Bersadóttur á Borg á Mýrum
Snorri marries Herdis Bersadottir at Borg,
in the Myrar district

Frá 1206

Reykholt, höfuðból skáldbóndans
Reykholt becomes Snorri's main home

1215–1218

Snorri lögsögumaður á alþingi
Snorri is appointed Lawspeaker of
the Althing

1218–1220

Fyrri utanlandsferð Snorra
Snorri's first visit to Norway

1220

Snorri kemur í veg fyrir stríð milli Íslands og Noregs – verður lendur maður konungs
Snorri prevents war breaking out between Iceland and Norway – He becomes the King's man

1224

Snorri hnýtir bönd við Hallveigu Ormsdóttur sem verður húsfreyja í Reykholti
Snorri enters into a relationship with Hallveig Ormsdottir. She becomes mistress of Reykholt

1226

Snorri stofnar klaustur í Viðey
Snorri establishes a convent on the island of Videy, near Reykjavik

1237

Bæjarbardagi háður um hagsmuni Snorra, – sem vék undan
A battle concerning Snorri's interests takes place at Bær in Borgarfjordur. Snorri was not present

1237–1239

Önnur utanlandsferðin. Snorri í skjóli Skúla hertoga
Snorri's second visit to Norway. He receives the protection of Duke Skuli

1239

Skúli hertogi gerir Snorra að jarli

Duke Skuli makes Snorri an earl (jarl)

1239

Hákon konungur bannar Snorra Íslandsferð

King Hakon forbids Snorri from leaving

Norway and returning to Iceland

1241

Hallveig Ormsdóttir húsfreyja deyr

í júlímánuði

**Hallveig Ormsdottir, mistress of Reykholt,
dies in July**

1241

**Um haustið skipuleggur Gissur Þorvaldsson
í umboði konungs aðför að Snorra Sturlu-
syni í Reykholti**

**In the autumn Gissur Thorvaldsson plans an
attack on Snorri at Reykholt at the behest
of the Norwegian King Hakon**

23. september 1241

Eigi skal höggva!

Thou shall not strike!



Snorrastofa þakkar hjálp og aðstoð við uppsetningu sýningarinnar. Eftirtaldir aðilar fá sérstakar þakkir fyrir stuðninginn.

Snorrastofa wishes to thank the help and aid given to set up the exhibition. We give special thanks to the following supporters.

- Alþingi
- Borgarbyggð
- Norsk-íslensk kultursamarbeid
- JPV útgáfa
- Menningarráð Vesturlands
- Þjóðhátíðarsjóður
- Iðnaðarráðuneytið og Ferðamálastofa, Byggðaáætlun 2006–2009

Opnunartímar

Gestastofa

1. apríl til 30. september:
alla daga kl.10–18
1. október til 31. mars:
virka daga kl.10–17
og eftir samkomulagi

Opening hours

Tourist reception

1 April to 30 September:
every day 10–18
1 October to 31 March:
weekdays 10–17
Also open on request